

Haustferð Iðunnar

Kveðið í kirkjum

Laugardaginn 5. september verður haldið í rútuferð um Reykjanes með þeim félögum Iðunnar sem því nenna. Hugmyndin er að heimsækja kirkjur og söfn í ferðinni. Farið verður af stað frá Umferðarmiðstöðinni klukkan 8:00 og þaðan haldið í Kapelluhraun við Hafnarfjörð. Kálfatjarnarkirkja á Vatnsleysuströnd verður næsti viðkomustaður og þaðan farið í Innri-Njarðvíkurkirkju. Undir hádegi er svo ætlunin að ferðalangar verði komnir að Útskálakirkju og síðan verður byggðasafnið á Garðsskaga skoðað. Þar mun einnig vera hægt að fá sér kaffi og fleira. Næst verður haldið að Básendum og Hvalsnesskirkju, svo að Höfnum og Merkinesi þar sem kveðnar verða miðavísur eftir feðgana Vilhjálmi **Hinrik** Ívarsson og Þórodd Vilhjálmsson. Að því loknu verður farið um Reykjanes að Saltfiskssetrinu í Grindavík þar sem verða í boði góðir drykkir fyrir kvöldverð í Salthúsinu. Allt er í þoku um það sem á eftir kemur, en það er í valdi fararstjórans, Péturs Eggerz, að ákveða hvað það verður. Talið er að ferðin muni kosta hvern og einn um 7.000 krónur. Þar er um að ræða verðið á rútbílnum, aðgang að söfnum, fordrykkinn í Saltfiskssetrinu og matinn í Salthúsinu. Þetta verður skemmtilegt, þó það sé ekki dýrt. Ekki hika við að skrásetja ykkur sem fyrst, annaðhvort með því að hringja í Pétur (897-1813) eða Steindór (863-7887), og þeir munu fagna hverju símtali.

Fundir og kvæðalagaæfingar

Fundarstaður Iðunnar er Gerðuberg, hinn sami og verið hefur að undanfögnu. Kvæðalagaæfingar fara fram á neðri hæð Gerðubergs, en almennir skemmtifundir á efri hæðinni í stóra salnum. Bæði fundir og æfingar hefjast klukkan 20:00 og lýkur venjulega um 22:30. Félagsmenn eru hvattir til að taka með sér gesti á fundina og æfingarnar líka, svo að sem flestir fái að kynnast því sem þar fer fram.

1	7. október, miðvikudagur 9. október, föstudagur	kvæðalagaæfing (niðri) fundur
2	4. nóvember, miðvikudagur 6. nóvember, föstudagur	kvæðalagaæfing fundur
3	2. desember, miðvikudagur 4. desember, föstudagur	kvæðalagaæfing jólafundur



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

109. tölublað – 30. árgangur

September 2009

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652


Iðunn áttæð

Býður gestum í kaffi og kleinur

Nú er komið að því að Iðunn haldi upp á stórafmæli. Í september eru liðin áttatíu ár frá stofnun félagsins og báða dagana 19. og 20. september milli klukkan 13 og 17 verður heilmikil dagskrá höfð af því tilefni í Gerðubergi. Meðal þess sem þar fer fram verður sýning á handritum og bókum í eigu félagsins ásamt þeim útgáfum sem félagið hefur staðið að í gegnum tíðina og þannig leitast við að gefa félögum og gestum sem gleggsta mynd af því hvað starfsemin hefur snúist um. Á sýningunni verður hægt að horfa á myndband með ýmsum kvæðamönnum sem Þjóðlagasetrið á Siglufirði hefur nýlega látið gera og gefið út. Kvæðamenn munu kveða og hagarðingar láta ljós sitt skína með smellnum vísum eins og vant er. Á sama tíma er ætlunin að fá margfróða menn til að ræða um áhrif og stöðu rímnanna í nútímanum.

Með sama hætti og Þjóðminjasafnið hefur kallað eftir munum utan úr bæ til skoðunar og aldursgreiningar, ætlar Rósa Þorsteinsdóttir að vera við öllu búin með tæki til að hlusta á gamlar segulbandaspólur sem fólk er hvatt til að hafa með sér í Gerðuberg. Þannig geta menn komist að því hvort dýrmætar hljóðritanir leynist í einhverju af því sem lengi hefur verið geymt og fæstir hafa núorðið möguleika á að spila og heyra. Meðan á öllu þessu stendur munu gestir geta fengið sér kaffi og kleinur í boði afmælisbarnsins.

Af þessu öllu má sjá að Iðunn er síung og ekkert sem bendir til þess að aldurinn fari að beygja hana á næstunni. Sumir eru því farnir að gruna hana um að hygla sjálfri sér af þeim eplum sem henni var ætlað að gæta fyrir goðin. Vonandi er það rétt.



Kvæðamál

*Síðastliðið haust þegar frystihúss-
stjórinn í Svenska frystihúsinu sat
sem fastast í stóli sínum þrátt fyrir
mótæli lýðsins, varð einum á orði:*

Hefur fundið hæli þar.
Heldur stundar völdum.
Ráð ígrundar refskaþar
rifjum undir köldum.

*Höfundur vill ekki láta nafns síns
getið af ótta við að viðskipti hans í
bankakerfinu verði hraðfryst.*

*Eftir langa þurrkatíð varð leki
mikill á himnum*

Eftir þessa þurrkatíð
þá fór loks að rigna.
Ofankoman er svo stríð,
undan laufin svigna.
Tún og blómabeðin við
byrjuð eru að digna.
Bústinn lax og bleikjan fríð
brátt þar ganga og hrygna.

Helgi Zimsen

Sumir eru undarlega
iðnir við að mennta sig.
En þvílík iðja er allavega
ekki hentug fyrir mig.

Ragnar Böðvarsson

*Vikur nú sögunni til þess tíma er
frystihússtjórinn hófst handa í
forsætisráðuneytinu.*

Hann er ekki beggja blends,
býr að liði seggja.
Hornsteininn að hrúni lands
hamast við að leggja.

Benedikt Jónsson

Á þorrafundi síðastliðinn vetur

Skálin rís nú þorri þín,
þig vill prisa mengi.
Bjór og íslenskt brennivín
bragða fýsir drengi.

Þeygi lítið þrúgna í blóð
þyrstir ýta snjalla.
Ákavíti, elskan góð,
út þeir spýta varla.

Veitist bón um viskýlög
vöskum frónverjonum.
Gin og tónik teygja snögg
teitisljón að vonum.

Þórarinn Már Baldursson

Mein og kvillar margan hrjá
manninn villigötum á.
Gangi illa einum hjá,
aðrir fyllast kæti þá.

Jón Ingvar Jónsson

Fróðleiksmola máttum við
maula, sagan flæddi,
er Hilmar Örn um aldinn síð
áts og drykkju ræddi.

Helgi Zimsen

Hvorki vantar blek né blað,
best að hugsa í næði.
Komist andinn á sinn stað
ætti að skapast kvæði.

Bjarni Valtýr

Margt er af sem áður var.
Erfið reynist vísna glíma.
En ef við fengjum fund á bar
úr flestum munnum kæmi ríma.

Þorvaldur Þorvaldsson

Um þjóðlagafélag er það að segja
er þykir orðið skar
að fúslega vill það fá að deyja
í faðmi Iðunnar.

Ingi Heiðmar Jónsson

*Á vorfundi þegar formaðurinn
var í Bosnía og Bára stjórnaði
fundinum:*

Hér er ekkert andlegt slen,
engin samin ljóðin klén.
Betur stjórnar Bára en
bjálfinn Steindór Andersen.

Jón Ingvar Jónsson

Vitringar með veskin full.
vaða í reyk og firru.
Og okkur færa aðeins bull,
ergelsi og pirru.

Jón Ingvar Jónsson

Var í byrjun fengið flest.
Fremri honum enginn þótti.
Getur logið manna mest
Magnús – þó hann tali ekki.

Sigurður Sigurðsson

Indæl ljóð ég yrki hér
alveg hreint á fullu.
Ekki læt ég aftra mér
iðrakveisu og drullu.

Jón Ingvar Jónsson

Þegar kveður þýðum rómi
þulur, snjöllu stökurnar,
þá er líkt og endurómi
aftur gömlu vökurnar.

Bjargey Arnórsdóttir

*Á Iðunnarfundi var lítill tími fyrir
dagskrárlið Rósu Jóhannesdóttur
og var hann því stytur.*

Rósa fiðlu strýkur strengi
stúrnir engir híma,
á það hlýddum eflaust lengi
ef við hefðum tíma.

Helgi Zimsen